

Fylgiskjal 2.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****nr. 37/2026****frá 6. febrúar 2026****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/296 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareign ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/297 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru skilyrðin fyrir stofnsetningu og starfsemi ráðgefandi samstarfshópa eftirlitsaðila ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31rh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/294):

„31ri. **32025 R 0296**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/296 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareign (Stjtið. ESB L, 2025/296, 13.2.2025).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 6. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/296, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/296/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/297, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/297/oj

- b) Í 7. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- c) Í 1. mgr. 8. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- d) Í 1. mgr. 9. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“ og orðunum „Seðlabanka Evrópu“.

31rj. **32025 R 0297**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/297 frá 31. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru skilyrðin fyrir stofnsetningu og starfsemi ráðgefandi samstarfshópa eftirlitsaðila (Stjtið. ESB L, 2025/297, 13.2.2025).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1. mgr. 9. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2025/296 og (ESB) 2025/297, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. febrúar 2026, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2026.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.